



Árs- skýrsla 2024

Framtíð í mótun



Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu

Öryggi í samgöngum er ein forsenda velferðar og trausts í samfélaginu. Hlutverk Samgöngustofu er að skapa umgjörð sem styrkir stöðu Íslands á því sviði.

Á árinu 2024 hélt Samgöngustofa áfram að þróa starfsemina í samræmi við markmið um aukin lífsgæði með öryggi í öllum samgöngugreinum. Verkefnin ná frá daglegri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki til eftirlits og áætlana sem stuðla að öruggum og skilvirkum samgöngum framtíðar.

Lögð var sérstök áhersla á að endurskoða framtíðarsýn og móta nýja stefnu Samgöngustofu fyrir árin 2025–2029. Hún byggist á fjórum megináherslum: Öryggi í samgöngum, aðgengilegri þjónustu, samfélagslegri ábyrgð og öflugu innra starfi. Með stefnunni eru sett markmið um hvernig stofnunin þróar starfsemi sína og mætir þörfum samfélagsins. Nánar má lesa á stefna.samgongustofa.is.

Stafrænar lausnir og auknar kröfur um skilvirkni og gagnsæi setja mark sitt á starfsemi Samgöngustofu. Ný tækni og endurbætt ferli auka aðgengi og bæta þjónustu, en jafnframt er lögð áhersla á fagmennsku og gott samstarf. Með skýra stefnu, öflugan mannauð og stöðuga þróun í stafrænum lausnum er Samgöngustofa vel í stakk búin til að mæta verkefnum og tækifærum komandi ára.



Starfsemin

Samgöngustofa starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og gildandi alþjóðlegum skuldbindingum. Verkefnin miða að því að bæta samfélagið með auknu öryggi í samgöngum með margvíslegri starfsemi í leyfisveitingum, eftirliti og þjónustu.

Samgöngustofa fer með stjórnsýslu flugmála, siglingamála og hafna, umferðar- og vegamála. Hún annast eftirlit, framkvæmir úttektir á öryggismálum og sér um vottanir og leyfisveitingar til fólks og fyrirtækja sem starfa í öllum samgöngu-greinum. Þá sinnir stofnunin samskiptum við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi. Alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta geta haft bein áhrif á starfsemi og samkeppnishæfni íslenskra aðila á alþjóðlegum vettvangi.

Meðal verkefna er undirbúningur og innleiðing laga og reglna á sviði samgöngumála. Fræðsla og forvarnir eru mikilvægur þáttur í öryggisstarfi stofnunarinnar og byggja áherslur á greiningum slysa og atvika. Skráningar, leyfisveitingar, fræðsla, eftirlit og úttektir mynda saman þann grunn sem samgönguöryggi byggist á og þróast í takt við þarfir samfélagsins.

Samgöngustofa heldur lögbundnar skrár um ökutæki, loftför og skip á Íslandi. Skrárnar innihalda ítarlegar upplýsingar um skráningu, eignarhald og tæknileg atriði sem nýtast bæði opinberum aðilum og almenningi. Upplýsingum úr skránum er miðlað til þeirra sem þurfa á þeim að halda, svo sem stjórnvalda, fyrirtækja og fjölmiðla.


Öryggi í samgöngum

Öryggi er höfuðmarkmið í allri starfsemi Samgöngustofu. Öll verkefni stofnunarinnar snúa að því að tryggja öruggar samgöngur. Þau ná meðal annars til skráninga farartækja, eftirlits og úttekta á öryggismálum, vottana og leyfisveitinga íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Ekki síst felast þau í fræðslu og forvörnum sem miða að því að auka ábyrgð og koma í veg fyrir slys.

Meðal verkefna ársins á sviði fræðslu og forvarna má nefna:


- **Umferð:** Auglýsingaherferðir og fræðslumyndbönd með áherslu á ábyrgan akstur, notkun öryggisbúnaðar og varnir gegn þreytu, snjalltækjanotkun og annars sem ógnar öryggi. Umferðarþing með yfirskriftinni „Saman í liði“ með þátttöku mismunandi vegfarendahópa. Fræðsla til barna og unglunga á öllum skólastigum. Ný útgáfa af vefsíðunni umferd.is opnuð, þar sem kennarar á öllum skólastigum geta nálgast námsefni í umferðarfræðslu.

Látnir og alvarlega slasaðir í umferðinni




Látnir í sjóslýsum

- **Siglingar:** Öryggismenning um borð í skipum, notkun björgunarbúnaðar, menntun og þjálfun áhafna. Áhersla á atvikaskráningu íslenskra sjómanna og útgerða, úrvinnslu gagna og verklag um nýtingu þeirra. Í kerfinu Atvik-sjómenn geta notendur sjálfir skráð atvik sem verða á þeirra skipum sem eykur yfirsýn og auðveldar viðbragð.



- **Flug:** Viðhald öryggisvitundar í starfsemi flugrekenda og flugliða í samræmi við SMS (Safety Management System). Unnið að gerð nýrrar flugöryggisáætlunar og uppfærslu verkefnaáætlunar til samræmis við önnur Evrópuríki. Fræðsla til þeirra sem að flugstarfsemi koma.

Alvarleg atvik í flutningaflugi á hver 10.000 flug



Aðgengileg þjónusta

Aðgengileg þjónusta á góða samleið með öryggi. Hún miðar að því að eiga traust samskipti við almenning og hagaðila og veita nútímalega og skilvirka afgreiðslu mála. Tilgangurinn er að greiða götu fólks og uppfylla þarfir með hagnýtum lausnum.

Á árinu 2024 var áfram unnið að þróun stafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu á vef stofnunarinnar til hagsbóta fyrir alla notendur. Hlaut stofnunin viðurkenningu Stafræns Íslands fyrir að ljúka öllum stafrænu skrefunum á Ísland.is og var því formlega viðurkennd sem stafræn opinber stofnun.

Meðal helstu stafrænna umbóta:

- Almenn ökuþróf urðu rafræn um mitt ár og prófspurningar uppfærðar samhliða til að bregðast við þörfum og auka skýrleika.
- Áfram var unnið að þróun skipaskrárinnar Skútunnar sem notendur hafa tekið vel. Meðal annars urðu skoðunarskýrslur skipa rafrænar og aukið við miðlun tölfræði og annarra upplýsinga.
- Þjónustukerfi innleitt fyrir framlínustarfsfólk.

- Spjallmennir á ytri vef getur svarað algengum fyrirspurnum almennings og dregið úr álagi á þjónustuveri.
- Hnippið á Ísland.is tekið í notkun. Eigendur minntir á þegar komið er að því að láta skoða ökutækið.
- Nýr handbókarvefur var opnaður á Ísland.is, einkum ætlaður fagaðilum til leiðbeiningar um skoðanir og skráningar ökutækja. Verkefnið styður við fagþekkingu og samræmingu verklags.
- Samgöngustofa opnaði gátt á ytri vef til að taka við ábendingum. Með því er almenningu auðveldað að láta vita af því sem vel er gert eða hvar umbóta er þörf.
- Fleiri gerðir umsókna urðu rafrænar, til dæmis umsóknir um flugstarfaskírteini. Það einfaldar ferli og bætir viðmót við notendur.




Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð og skilvirk stjórnsýsla skipta miklu í starfseminni. Samgöngustofa leggur áherslu á fagmennsku, sanngirni og vandaða stjórnsýslu þar sem ferlar eru skýrir og ákvarðanir teknar á grundvelli jafnræðis og hagkvæmni.

Samgöngustofa fylgist náið með þróun umhverfismála í samgöngum og tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, meðal annars við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) og Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO).

Reglubundið er unnið að uppfærslu á aðgerðaáætlun Íslands í flugmálum, þar á meðal um orkuskipti í flugi. Á sviði siglinga er Samgöngustofa þátttakandi í þróun alþjóðlegra reglna um smíði og rekstur skipa sem nota nýja tækni og umhverfisvæn eldsneyti. Á landi beinist athygli stjórnvalda að orkuskiptum í umferð og uppbyggingu innviða fyrir vistvænar samgöngur, í takt við markmið um minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Nýskráningar ársins eftir orkugjöfum



Skráning hreinna rafbíla dróst saman milli ára, úr 44,6% árið 2023 í 26,8% árið 2024, eða um 17,7 prósentu-
stig. Hreinir rafbílar og tengiltvinnbílar mynda þó samanlagt áfram meirihluta nýskráninga bifreiða.

Á árinu var skrifað undir stofnsáttmála Eurocontrol, sem er evrópsk milliríkjastofnun sem styður við flug og
flugleiðsögu í Evrópu. Samningurinn markar mikilvægan áfanga í ferli að fullri aðild Íslands, sem tekur gildi
í janúar 2025, og styrkir samvinnu og þekkingarmiðlun á sviði flugöryggis.

Samgöngustofa leggur áherslu á að deila þekkingu og greiningum úr rannsóknum Rannsóknarnefndar
samgönguslysa og nýtir lærdóminn í fræðslu og forvörnum. Þannig styður stofnunin við markmið um
öruggar og sjálfbærar samgöngur til framtíðar, í takt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð,
jafnrétti og sjálfbæra þróun.



Öflugt innra starf

Árangur starfseminnar byggir á öflugu starfsfólki. Áhersla er lögð á hvetjandi starfsumhverfi þar sem samvinna, traust og virðing eru í fyrirrúmi. Vinnustaðurinn er mótaður með það að leiðarljósi að styðja við faglegt starf, sanngirni og velferð.

Samgöngustofa nýtir reglubundnar mannauðsmælingar til að fylgjast með starfsánægju og þróun vinnustaðamenningar. Niðurstöður ársins 2024 benda til stöðugleika í helstu þáttum og að starfsfólk upplifi almennt jákvætt starfsumhverfi. Niðurstöður mælinga eru nýttar til að bæta verkferla, samvinnu og stjórnun þar sem þörf krefur.

Til að efla heilsu og vellíðan starfsfólks gerði Samgöngustofa á árinu þjónustusamning við Auðnast, sem veitir ráðgjöf og úrræði á sviði heilsueflingar og félagslegs öryggis. Markmiðið er að styðja við jafnvægi milli vinnu og einkalífs og tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi.



Yfirlit um afkomu ársins 2024

Tekjur
Tekjufærsla fjárveitinga.....
Seld þjónusta.....
Vörusala.....
Framlög og ýmsar tekjur
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....
Tekjur samtals

Gjöld
Framlög og tilfærslur.....
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður.....
Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir og niðurfærslur
Gjöld samtals

Afkoma fyrir fjármagnsliði
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap.....
Afkoma ársins

Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum
Rekstur
Rekstrartilfærslur

2024	2023
1.374.300.000	1.325.100.000
1.529.257.305	1.492.717.679
322.225.111	388.106.691
21.342.722	24.208.153
35.731.751	34.533.916
3.282.856.889	3.264.666.439
543.991	11.266.334
2.364.763.161	2.295.492.113
863.844.853	813.424.211
35.731.751	34.533.916
3.264.883.756	3.154.716.574
17.973.133	109.949.865
4.758.025	9.723.374
10.002.574	3.908.438
5.244.549	5.814.936
12.728.584	115.764.801
12.772.575	126.531.135
43.991	10.766.334
12.728.584	115.764.801

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir		
Handbært fé.....	581.862.117	261.862.935
Viðskiptakröfur.....	321.533.473	318.704.094
Tengdir aðilar	993.707.207	1.288.391.139
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	44.805.524	20.094.714
Birgðir	26.431.962	24.816.048
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	82.151.487	77.885.703
Óefnislegar eignir	56.950.647	61.593.131
Eignir samtals	2.107.442.417	2.053.347.764
Skuldir		
Tengdir aðilar	1.782.775	1.837.849
Viðskiptaskuldir	9.290.551	68.285.727
Ýmsar skammtímaskuldir.....	335.348.824	242.900.755
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	120.591.719	112.623.470
Skuldir samtals	467.013.869	425.647.801
Eignir að frádregnum skuldum samtals	1.640.428.548	1.627.699.963
Eigið fé		
Hrein eign	105.550.529	92.821.944
Bundið eigið fé	1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé samtals	1.640.428.548	1.627.699.963
Eigið fé og skuldir samtals	2.107.442.417	2.053.347.764



Samgöngustofa